



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 27. ágúst 2008 – 35. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**



Óskar Jónsson
Framleiðir skósóla í Kína



Fréttaskýring
Heimskreppa eða botn í sjónmáli?

Hólmar Svansson
Tekjuaukning á krepputímum



Telur að botni sé náð

„Þetta er fínn tími til að fara inn, hvort sem botninn er þegar náð eða er skammt undan,“ segir Sigurður Bollason athafnamaður.

Hann hefur undanfarið keypt töluvert stóra hluti bæði í Exista og Landsbankanum og á nú um eins prósent hlut í bankanum og rúmt prósent í Exista. Þar með er hann kominn í hóp stærstu hluthafa.

Hlutina segist hann hafa keypt smátt og smátt undanfarið við markaðsverði.

Miðað við markaðsvirði í þessum félögum í mánuðinum má ætla að Sigurður hafi ekki greitt undir þremur og hálfum milljarði króna fyrir hlutina.

„Þetta er fjármagnað að meginu með eigin fé en svo er ég með vissa fjármögnun,“ segir Sigurður. Hann segir að félögin séu góð og þetta sé klárlega fjárfesting til langs tíma.

Sigurður mun hafa hagnast verulega vorið 2006 þegar hann seldi þáverandi viðskiptafélögum sínum, Magnúsi Ármann og fleirum, hluti í félagi sem átti verulega hluti í FL Group og Dagsbrún.

- ikh

HELST Í ÚTLÖNDUM

Sveiflur á mörkuðum – Mikil lækkun varð á Bandaríkjamarkaði í vikunni, en lækkunin var sú mesta í mánuð. Hlutabréf í Asíu hækkuðu aftur á móti og var hækkingin sú mesta í rúmlega hálfan mánuð.

Tapar á Fannie og Freddie - JP Morgan tilkynnti að bankinn hafi tapað um 600 milljónum dollara í fjárfestingum sínum í Freddie Mac og Fannie Mae.



Metuppskera – Allt stefnir í metuppskeru maískorns í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir að aukin uppskera geti orðið til þess að eitthvað dragi úr verðbólguþrýstingi í heiminum.

Metro Bank – Breskur kaup-sýslumaður vinnur að stofnun nýs banka sem mun bera nafnið Metro Bank. Opna á 200 útibú innan 10 ára sem verða opin alla daga.

Hagkerfi í samdrætti – Um helmingur hagkerfa heimsins eru að renna inn í samdráttarskeið samkvæmt nýrri skýrslu Goldman Sachs. Spáð er að minnkandi eftirspurn muni hafa slæm áhrif á kínverska hagkerfið.

Sólarkísilverksmiðja farin út af kortinu

Íslendingar missa 100 milljarða fjárfestingu til Kanada. „Mikið áfall,“ segir bæjarstjórinn í Ölfusi. Orkuöflun skiptir máli en ákvörðunin réðst ekki af reykvískri pólitík segir forstjóri REC.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Margir þættir réðu þessari ákvörðun. Þar á meðal orkuöflun og verð, aðgangur að hæfu vinnuafli, verksmiðjustæðið og fleira. Staðan í stjórnmálum á Íslandi hefur hins vegar ekki verið neinn lykilkættur í okkar ákvörðunum,“ segir Erik Thorsen, forstjóri norska stórfyrirtækisins REC (Renewable Energy Corporation).

REC hefur ákveðið að finna nýrri sólarkísilverksmiðju sinni stað í Quebec í Kanada. Um tíma stóð til að verksmiðjan yrði reist hér á landi, í sveitarfélaginu Ölfusi. Félagið átti einnig í viðræðum við Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur um raforka.

„Það er ágætt hljóð í okkur, en það er mikið áfall að þetta skyldi ekki gerast,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi.

Orkuveita Reykjavíkur hafði tryggt raforku í fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Hins vegar hefur verið óvissa um framhaldið, meðal annars vegna mismunandi skoðana meirihlutans í borgarstjórn

Reykjavíkur hverju sinni á því hvort reisa skuli Bitruvirkjun. Þetta telur Ólafur Áki að kunnir að hafa haft áhrif á ákvörðun Norðmanna, ásamt því að Skipulagsstofnun hafi kveðið uppúr um að verksmiðjan skyldi í umhverfismat. Hann hafði þó ekki heyrt formlega í Norðmönnum um málið þegar Markaðurinn ræddi við hann.

Landsvirkjun hafði einnig rætt við REC um orku. „Þetta er bagalegt fyrir okkur en undirstrikar um leið hvað hátækniáætlunin er eftirsóttur,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins.

Fjallað er um málið í fjölmörgum kanadískum og alþjóðlegum miðlum. Fjárfesting REC í Kanada nemur sem svarar ríflega eitt hundrad milljörðum íslenskra króna. Stefnt er að því að verksmiðjan hefji framleiðslu í Quebec árið 2012, en hún kaupir raforku frá vatnsaflsvirkjunum.

REC hafði rætt við sveitarfélagið Ölfus um 120 hektara lóð undir verksmiðjunna. Hún hefði orðið 300 manna vinnustaður, þar af hefði þriðjungur verið háskólamenntaður. Byggingin tæki þrjú ár og um 500 manns fengju vinnu við hana.

Samdrátturinn sést í sorpinu

Sveiflur í efnahagslífinu koma skýrt fram í bókum Sorpu. Það hægir á losun.

„Minni losun sorps frá fyrirtækjum er vísbending um hvert stefnir í hagkerfinu,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu.

Hann segir nokkuð hafa dregið úr losun úrgangs frá fyrirtækjum á fyrstu sjö mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra. Blikur eru á lofti um að frekar sé að draga úr losuninni frá bygginga- og iðnaðargeiranum. Þetta sýnir

horfurnar, að það sé að draga úr framkvæmdum, segir Björn. Þetta felur að sama skapi í sér að tekjur Sorpu dragast væntanlega saman á seinni hluta árs því fyrirtæki greiða fyrir hvert losað kíló.

Sorpa hagnaðist um nítján milljónir króna á fyrri helmingi ársins. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn hins vegar 64,8 milljónum króna. Björn bendir

á að inni í tölunum séu bygging nýrrar endurvinnslustöðvar í Hafnarfirði og framtíðarlausnir, svo fátt eitt sé nefnt, sem ekki hafi fallið til í fyrra.

Rekstrartekjur námu 992,3 milljónum króna miðað við 945,7 milljónir í fyrra. Á sama tíma dró úr rekstrargjöldum. Þau námu 839 milljónum króna sem er rúmun þremur milljónum minna en í fyrra.

- jab

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Landsbankinn

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK GBP DKK USD EUR

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslyngingum sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-1,5%	-3,5%
Atorka	-5,9%	-48,1%
Bakkavör	-5,8%	-53,9%
Exista	-12,0%	-60,8%
Glitnir	-1,3%	-30,1%
Eimskipafélagið	0,0%	-59,2%
Icelandair	5,9%	-28,5%
Kaupþing	-1,0%	-19,8%
Landsbankinn	-0,8%	-32,8%
Marel	-1,6%	-15,5%
SPRON	1,4%	-61,1%
Straumur	-1,6%	-37,9%
Teymi	39,6%	-61,4%
Össur	0,0%	-7,6%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Atorka við væntingar

Fjárfestingarfélagið Atorka Group tapaði rétt rúnum tveimur milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við þriggja milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.

Greiningardeild Glitnis segir afkomuna lítilliga undir væntingum. Það litist af lækku á skráðu eignasafni félagsins. Atorka hafi greitt niður skuldir og dregið úr framleiðslukostnaði, sem hafi gert fyrirtækinu kleift að halda uppi framlegð í erfiðu árferði.

- jab

NimbleGen eykur umsvif hér á landi

Svissneski lyfjarisinn Roche hefur fjárfest sem svarar 24 milljörðum króna í líftækniyrirtækinu NimbleGen.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Ég býst við því að framleiðslugeta eigi eftir að aukast og það hefur í för með sér frekari fjárfestingar á Íslandi,“ segir Gerd Maass, forstjóri Roche NimbleGen.

NimbleGen hefur starfað hér á landi um árabíl. Það framleiðir meðal annars örflögur til líftækniannsóknna og sinnir þjónusturannsóknnum með örflögutækni. Fyrirtækið var stofnað í Bandaríkjunum fyrir tæpum áratug og þar eru höfuðstöðvar þess. Svissneski lyfjarisinn Roche keypti félagið fyrir sem svarar um sautján milljörðum íslenskra króna í fyrra. Um 80 þúsund manns starfa hjá Roche víða um heim.

Um 75 manns starfa hjá NimbleGen hér á landi, um þriðjungur starfsmanna fyrirtækisins í heild.

Maass vill ekki slá neinu föstu um hversu margar verði fengnar til liðs við Nimble Gen hér á næstunni. „Við kynnum að auka rannsóknir og þróun í tengslum við starfsemina hér á landi,“ segir Maass og vísar þar meðal annars til þess að félagið vilji gjarnan starfa meira með háskólasamfélaginu hér. Hann bætir því við að hann sé bjartsýnn varðandi áframhaldandi vöxt fyrirtækisins.

En hefur félagið skilað hagnaði? „Hingað til hefur þetta verið fjárfesting, en við gerum ráð fyrir því að rekstur NimbleGen fari að skila hagnaði á næstu tveimur til þremur árum.“

Í heildina nemur fjárfesting Roche í NimbleGen hingað til um 24 milljörðum íslenskra króna, miðað



GERT MAASS, FORSTJÓRI
ROCHE NIMBLEGEN

MARKAÐURINN/ANTON

við núverandi gengi.

Í grunninn gengur rekstur Roche vel, þrátt fyrir efnahagsástandið, segir Maass. Félagið sé í raun að horfa til framtíðar með fjárfestingum í félögum eins og NimbleGen. „Tækni af þessu tagi á eftir að auka virkni lyfja þegar fram í sækir.“ Þá sé markaður fyrir framleiðsluvörur NimbleGen mikill og vaxandi. Örflögur NimbleGen eru notaðar til rannsókna í erfðafræði, lækni-fræði og lyfjafræði. Vörur fyrirtækisins eru seldar víða um heim.

Maass segir að lítil fyrirtæki eins og NimbleGen séu Roche ákaflega mikilvæg. Mörg slík fyrirtæki séu undir regnhlíf Roche. „Fólk sem starfar í

fyrirtækjum af þessu tagi á ef til vill í framtíðinni möguleika á að þroska sig frekar í starfi innan Roche-samstæðunnar annars staðar í heiminum.“

Fyrirtækjum í líftækni hefur ekki öllum gengið vel. DeCode hefur til að mynda farið í gegnum margar sveiflur, en Roche fjárfesti í félaginu á sínum tíma; raunar er sú fjárfesting alveg ótengd fjárfestingunni í Nimble Gen, að því er kunnugir fullyrða. Er líftækniöndurinn ef til vill ekki jafn arðvænlegur og lagt var upp með? „Sum félög hófu starfsemi mjög snemma, jafnvel of snemma. Markaðurinn hefur hins vegar ekki tekið jafnhrað við sér. Roche hefur dreift áhættunni og það má segja að við stöndum á þremur stöðum í þessu efni, því stöndum við vel að vígi. Í viðskiptum af þessu tagi þarf að skoða mjög vel þarfir viðskiptavinarins og markaðarins og haga rannsóknum og þróun í samræmi við það.“

Afkoma VBS versnar

VBS fjárfestingabanki tapaði rúmlega 870 milljónum króna eftir skatt á fyrri helmingi ársins, samanborið við 1,1 milljarðs hagnað á sama tíma í fyrra. Eigið fé er um 7,1 milljarður og eiginfjárlutfall 16,9 prósent. Bankinn færði varúðarfærslu sem nemur 765 milljónum vegna mögulegrar virðisrýrnunar útlána.

Jón Þórisson, forstjóri VBS, bendir á að afrakstur af grunn-

starfsemi bankans sé góður. „Ánægjulegt er að sjá að þekking og reynsla starfsmanna VBS, hefur tryggt tekjustraum bankans þrátt fyrir öflugan mótvind, ekki síst á fasteignamarkaði. Við gerð uppgjörnsins var lögð rík áhersla á að vanmeta ekki það tjón sem aðstæðurnar geta valdið bankanum, svo sem við mat á virðisrýrnun útlána og mat á virði hlutabréfa,“ segir hann.

- ghh

Bankagjaldþrot í Kansas

Níunda bankagjaldþrot ársins varð í Bandaríkjunum á föstudag þegar Columbian Bank and Trust Company var lokað. Bankinn, sem er með höfuðstöðvar í Kansas, er tiltölulega lítill á bandarískan mælikvarða, en eignir hans námu rúmlega

62 milljörðum króna. Bankinn hafði tapað miklu á fasteignalánunum og í vikunni brast flótti í viðskiptavinahóp hans.

Samkvæmt Tryggingasjóði innstæðueigenda (FDIC) hafa stjórnvöld nánar gætur á um nútíu bönkum.

- msh

Við náum árangri ...

SPRON veitir fyrirtækjum og fagfjárfestum trausta, alhliða bankþjónustu.

www.spron.is

Höfðu betur í Noregi

Siðanefnd norska blaðamannafélagsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að norska viðskipta- blaðið Dagens Næringsliv hafi brotið gegn siðareglum með frétt sinni um Kaupþing 10. maí síðastliðinn undir fyrirsögninni „Kunnarnir flýja“.

Siðanefndin segir að fyrirsögn fréttarinnar hafi ekkert átt skylt við efni fréttar sem hún vísaði til inni í blaðinu. Kaupþing taldi umfjöllun blaðsins skaðlega bankanum, auk þess sem hún hefði verið byggð á ósönnum blaðafréttum og tölum sem Dagens Næringsliv hefði verið ljóst að væru úreltar.

Nefndin tók undir sjónarmið

bankans í málinu og gagnrýndi Dagens Næringsliv fyrir vinnubrögð sín við undirbúning og að fyrirsögn á forsíðu hefði verið röng. Nefndin ákvað einnig að Dagens Næringsliv skyldi birta niðurstöðuna í heild í blaðinu.

„Við erum að sjálfsögðu ánægð með niðurstöðu nefndarinnar. Hún sýnir að siðanefndin sé tilbúin að veita áminningu þeim fjölmiðlum sem beinlínis fara með rangt mál og vonandi mun Dagens Næringsliv vanda sig betur í fréttaskrifum um okkur í framtíðinni,“ segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings. - bih

Exista kýs að greiða lánið

„Það var ákveðið fyrir nokkru að óska ekki eftir framlengingu á þeim hluta lánsins sem er á gjalddaga og nýta frekar sterka lausafjárstöðu félagsins til að greiða hann upp,“ segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Existu. Skuldir Existu lækkuðu um einn milljarð evra á fyrri hluta árs.

Exista tók á síðasta ári sambankalán upp á 500 milljónir evra, jafnvirði 43 milljarða íslenskra króna að þávirði. Miðað við gengi evru gagnvart krónunni nú er heildarupphæðin sautján milljörðum hærri.

Lánsfjárhæðinni var varið til

fjármögnunar á eldri lánunum. Lánið var í tveimur hlutum. Stærri hlutinn, upp á 407,5 milljónir evra og með 130 punkta álag á Euribor vexti, er til þriggja ára en afgangurinn, 92,5 milljónir evra með 62,5 punkta álag, var til eins árs og á gjalddaga nú um mánaðamótin. Framlengingarheimild var á þeim hluta til allt að þriggja ára með samþykki lánveitenda.

Sigurður segir markaðinn hafa breyst frá í fyrra og að þessi tegund af lánsfé sé öllu dýrara nú en þá. Hagkvæmara sé því að nýta sterka lausafjárstöðu og greiða þann hluta láns-



FORSTJÓRI EXISTU Í SÍMANUM Exista hefur ákveðið að greiða fremur upp hluta sambankaláns á gjalddaga en að fjármagna hann. MARKAÐURINN/GVA

ins sem var á gjalddaga fremur en að endurfjármagna hann með sama hætti. - jab

Engar samrunaviðræður

„Við erum að gæta varfærni, taka niður eignasafnið vegna markaðsaðstæðna og búa í hagginn fyrir erfiðan vetur,“ segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs.

Sparisjóðurinn hagnaðist um 215,6 milljónir króna á fyrri hluta ársins. Þetta er 95 prósentu samdráttur á milli ára. Virðisrýrun útlána nam tæpum 1,8 milljörðum króna samanborið við 155 milljónir ári fyrr. Ragnar segir varúðarframlagið ekki töpuð útlán heldur sé það lögð til hliðar fyrir erfitt árféð. Nú þegar séu merki um að vanskilahlutfallið sé að aukast.

Byr hefur þrífaldlega verið orðaður við samruna við önnur fjármálafyrirtæki undanfarnar vikur og mánuði. Vitað er af áhuga margra í eigendahópi sparisjóðsins á samruna við Glitni, en einnig herma heimildir Markaðarinn

að Straumur renni hýru auga til sparisjóðsins. Þessu vísar Ragnar á bug. „Við höfum ekki átt í neinum samrunaviðræðum við einn eða neinn, hvorki óformlegum né formlegum.“ - jab/bih

FUNDAÐ UM HÁEFFUN BYRS

- Stofnfjáreigendur í Byr sparisjóði funda í dag um tillögu stjórnar um að rekstrarformi sjóðsins verði breytt í hlutafélag.
- Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, kveðst hafa góða tilfinningu fyrir því að ákvörðunin hljóti brautargengi enda sé aðgengi hlutafélaga að fjármagni betra en sparisjóða.
- Samkvæmt lögum þurfa að minnsta kosti 2/3 stofnfjáreigenda að samþykka þær, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.
- Fundurinn fer fram á Hilton hóteli Nordica og hefst kl. 17.

Launavinnslu RÚV úthýst úr ríkishúsum

„Ríkisútvarpinu var úthýst úr Fjársýslunni í fyrra,“ segir Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálaþjónustufyrirtækisins Fjárvakurs.

Fjárvakur hefur frá síðustu áramótum séð um launavinnslu og annað tengt starfsemi RÚV. Áður sá Fjársýsla ríkisins um launavinnsluna.

„RÚV varð að sjá um sig sjálft

eftir hlutafélagavæðinguna og fékk eitt ár til aðlögunar,“ segir Stefán Kjærnestad varafjársýslustjóri. Það sama gildir um önnur ríkisfyrirtæki sem að öðru leyti eru skylduð til að vera innandyra hjá Fjársýslunni.

Launavinnsla RÚV, sem varð opinbert hlutafélag í apríl á síðasta ári, var boðin út eftir að ákvörðunin lá á borðinu og kepptu

tvö fyrirtæki um kókuna áður en Fjárvakur hafði betur. Fyrirtækið er eitt dótturfélaga Icelandair og sinnir vinnslu fyrir tengd félög en hefur fært út kvíarnar síðustu mánuði.

Á bilinu 4-500 starfsmenn eru á launaskrá RÚV ef allt er talið og er það um tólf prósent af umfanginu í bókum Fjárvakurs, að sögn Magnúsar. - jab

Engin svör frá Samvinnutryggingum

„Við náðum ekki að klára þetta áður en menn fóru í sumarfrí,“ segir Kristinn Hallgrímsson, formaður skilanevndar Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga. Hann gerir ráð fyrir því að skilanevndin komi saman í september.

Um 50 þúsund manns sem eiga réttindi í félaginu bíða þess að fá upplýst hversu mikil eign

þeirra verður í fjárfestingarfélaginu Gift, sem stofnað var upp úr eignarhaldsfélaginu í fyrra. Þó er vitað að Samvinnusjóðurinn á stærstan hlut, þá SÍS og KEA.

Almennir réttthafar hafa skrifað til Eignarhaldsfélagsins og óskað upplýsinga um stöðu mála. Sumir hafa sent mörg erindi. Enginn hefur hins vegar fengið svör.

Gift á meðal annars hlut í Icelandair, Kaupþingi og fleiri félögum, skráðum og óskráðum.

Eigið fé Giftar var um 30 milljarðar í fyrrasumar, en innan við 20 um áramót, eftir því sem næst verður komist. Síðan hefur verðmæti eigna Giftar minnkað til muna, samfara almennu verðbruni á hlutabréfamarkaði. - ikh



... saman!

spron
- bankinn þinn

☆ Golfveisla í haust

☆☆☆☆

Villaitana Benidorm

* **64.900** Á MORGUN - STÖKKTU NÚNA!
5 nætur, 28. ágúst–02. september
Verð á mann í tvíbýli með hálfu fæði
4 golfhringir

89.900

4 nætur, 23.–27. október
Verð á mann í tvíbýli með morgunmat
5 golfhringir

Fimm stjörnu hótél sem stendur við tvo frábæra 18 holu golfvelli hannaða af Jack Nicklaus, í mátulegri fjarlægð frá frábærum baðströndum, veitingastöðum og næturlífinu í Benidorm.

☆☆☆☆☆

Hesperia Alicante Alicante

119.900 7 nætur, 25. september–2. október
Verð á mann í tvíbýli með morgunmat
5 dagar – ótakmarkað golf

Glæsilegt, fallega hannað fimm stjörnu hótél sem stendur við flottan 18 holu golfvöll sem Severiano Ballesteros hannaði.

☆☆☆☆

Hotel Almenara Sotogrande

129.900 10 nætur, 29. september–9. október
Verð á mann í tvíbýli með morgunmat
8 dagar – ótakmarkað golf

Flott hótél á rölegum stað við hinn frábæra 27 holu Almenara golfvöll. Frábær staður til að láta gera vel við sig og njóta lífsins.

Hálfur heimurinn er í eða á barmi kreppu

Þó að önnur þróuð hagkerfi séu á barmi kreppu er umtalsverður hagvöxtur í Bandaríkjunum. Væntingar bandarískra neytenda hafa engu síður sjaldan verið minni. Hvað veldur? *Magnús Sveinn Helgason* leitar svara.

Efnahagsvandræði þau sem hófust með undirmálslánakreppunni í Bandaríkjunum fyrir tæpu ári hafa nú breiðst út um nær allan heim. Samkvæmt nýrri skýrslu Goldman Sachs sem birt var á fimmtudag í síðustu viku er helmingur heimshagkerfisins í kreppu eða á barmi hennar. Hagfræðingar hjá UBS spá því nú að vöxtur heimshagkerfisins verði 2,9 prósent í ár og meta líkur á heimskreppu (sem í þessu tilfelli er skilgreind sem hagvöxtur innan við 2,5 prósent) rétt um tuttugu prósent. Sú spá byggist þó á því að hagvöxtur í Kína verði yfir tíu prósentum í ár og því næsta. Það hefur því vakið áhyggjur að kínversk stjórnvöld skuli hafa endurskoðað hagvaxtarspár sínar fyrir árið í ár og geri nú ráð fyrir um 9,5 prósentu vexti.

ENGIN KREPPA VESTANHAFS?

Í ljósi þess að lánsfjárekreppan hófst vestanhafs hefur vakið athygli að hagkerfi Bandaríkjanna virðist hafa staðist samdráttinn einna best. Þó að smávægilegur samdráttur hafi orðið á síðasta ársfjórðungi 2007 var hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi í ár 1,9 prósent. Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist að undanförunu er það ekki nema 5,7 prósent, 0,1 prósentu undir meðaltalinu frá 1960 til 2000. Robert Samuelson hélt því reyndar fram í nýlegri grein í The Washington Post að það eftirtæktarverðasta við efnahagsástandið í Bandaríkjunum væru hversu öflugt það væri. Ef lítið væri til hefðbundinna mælieininga væri engin kreppa í Bandaríkjunum.

Í fjölmiðlum er því oft fleygt að ekki sé hægt að tala um kreppu nema hagvöxtur sé neikvæður tvo ársfjórðunga í röð. Í Bandaríkjunum eru kreppur þó skilgreindar með mun formlegri hætti. Um það sér sjálfstæð rannsóknarstofnun, National Bureau of Economic Research, NBER, sem skilgreinir kreppu sem „umtalsverðan samdrátt í efnahagsstarfsemi“ og tekur ekki aðeins tillit til lengdar samdráttar, heldur annarra þátta, svo sem atvinnuleysis, smásölu og ráðstöfunartekna.

Undanfarið hafa spunnist miklar umræður um hver dómur NBER verði, en bent hefur verið á að allar kreppur eftirstíðsáranna eigi það sameiginlegt að að meðaltali sex mánuðum eftir að kreppa hefst hafi störfum í einkageira fækkað miðað við sama tíma árið áður. Þessu marki var náð í maí, sem bendir, líkt og opinberar hagvaxtartölur, til þess að kreppan hafi byrjað á þriðja ársfjórðungi 2007.

HAGVAXTARTÖLUR BLEKKJANDI

Þá hafa margir bent á að hagvaxtarkippur síðustu þriggja mánaða skrifist að mestu á sér-tækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Í apríl og maí sendi ríkissjóður út ávísanir til skattgreiðenda, allt að 150.000 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Þar sem áhrif þessarar innspýtingar hafa nú horfið er búist við að einkaneysla muni aftur dragast saman á næstu mánuðum. Þeir sem ráða í atvinnulífinu virðast



SAMDRÁTTUR Í VERSLUN OG SVARTSÝNIR NEYTENDUR Þó að kippur hafi komið í einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi búast verslunarmenn við miklum samdrætti í eftirspurn á þriðja og fjórða ársfjórðungi. Fjölmargar vel þekktar verslana- og veitingahúsakeðjur á borð við Linens & Things, Gap, Starbucks og Ann Taylor hafa þegar lagt upp laupana eða stefna á samdrátt. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

sömu skoðunar, því þrátt fyrir kipp í einkaneyslu réðu verslanir ekki nýja starfsmenn, heldur drógu úr fjárfestingum og nýjum pöntunum.

Þá hefur verið bent á að opinberar tölur ofmeti hagvöxt, því notast hafi verið við of lágt verðbólguviðmið, 2,5 prósent, meðan verðbólga var nærri fjórum prósentum. Ef viðmiðið er of lágt ofmetur það hagvöxt.

SVARTSÝNI NEYTENDA

Deilan um hvort kreppa sé í raun og veru hafin í Bandaríkjunum varð að bitbeini stjórnmálanna fyrr í sumar þegar dr. Phil Gramm, helsti efnahagsmálaráðgjafi John McCain, staðhæfði að krepputal og barlómur neytenda væri til marks um að Bandaríkjamenn skildu ekki hversu gott þeir hefðu það: „Við Bandaríkjamenn erum orðnir hálfgerð vælu-kjóþjóð“ og „kreppan er í raun andlegt fyrirbæri“.

Þó að McCain hafi svarið af sér Gramm í kjölfar ummællanna voru þau innlegg í umræðu sem enn hefur ekki fengist botn í: Hvað skýrir að væntingavísitölur skuli mælast í lágmarki á sama tíma og atvinnuleysi er tilföllum lítið? Hagfræðingar hafa lagt fram ólíkar skýringar fyrir þessu misræmi, allt frá því að fréttir af vandræðum fjármála-stofnana hafi grafið undan tiltrú almennings á fjármálastjórninni og undirstöðustofnunum markaðshagkerfisins, til þess að hátt bensínverð hafi óeðlilega mikil áhrif á sálarlíf þjóðarinnar, enda séu bílar mikilvægir fyrir bandaríska menningu.

Líklegasta skýringin er þó án efa 20,3 prósentu verðfall íbúðarhúsnæðis síðan 2006, því verður hrun á íbúðarhúsnæði hefur víðtækari áhrif á neytendur en til dæmis kauphallarhrun. Þegar „internetblaðran“ sprakk 2001 átti ekki nema 21 prósent Bandaríkjamanna hlutabréf, meðan 68 prósent teljast fasteignaeigendur.

Verðfall fasteigna hefur haft þeim mun alvarlegri áhrif vegna þess að á síðustu árum hafa Bandaríkjamenn í stórum stíl tekið út verðhækkarnar í

formi endurfjármögnunar á eldri lánun. Þessi skuldsetning hefur knúið einkaneyslu og verið á bak við 1 til 3 prósent hagvaxtar á ári síðan 2001. Eiginfjárlutfall í íbúðarhúsnæði í Bandaríkjunum er nú komið niður í 45 prósent og hefur aldrei verið lægra. Á sama tíma hefur einkasparnaður þornað upp. Á eftirstíðsárunum var hann á bilinu 8 til 11 prósent en var orðinn neikvæður um 0,6 prósent 2006. Neytendur eru því mjög skuldsettir, og eignir þeirra að mestu bundnar í fasteignum sem halda áfram að falla í verði. Það er því minna borð fyrir báru hjá flestum neytendum í þessari kreppu en öðrum kreppum eftir seinna stríð.

Þetta ástand getur ekki varað til lengdar, en meðan heimilin eru að vinda ofan af skuldum sínum mun það koma niður á einkaneyslu. David Rosenberg, hagfræðingur hjá Merrill Lynch, benti nýverið á að vaxta- og afborganabyrði bandarískra heimila væri 14,1 prósent af tekjum, en þyrfti að falla niður í um 10,5 prósent. Þess má geta að vaxta-byrði heimilanna á Íslandi er nú um 10 prósent.

Rosenberg bendir á að til þess að þetta markmið náist þurfi skuldir heimilanna að lækka um tvö þúsund milljarða dollara, sem muni aðeins takast með auknum sparnaði og stórfelldum samdrætti í einkaneyslu. Aðrir hafa talið að þessu marki verði helst náð með stórfelldum niðurfellingum á lánun. Nouriel Roubini, hagfræðingur við New York-háskóla, hefur þannig spáð því að bankar í Bandaríkjunum muni þurfa að afskrifa minnst 1,5 billjónir dollara í viðbót við þá 500 milljarða sem þegar hafa verið afskrifaðir. Slíkar afskriftir munu leiða til fjöldagjaldþrota í bankaheiminum.

Hvort svörtustu spár rætast mun að mestu ráðast af því hvernig þróun verður á bandarískum fasteignamörkuðum: Því fyrr sem fasteignaverð hættir að lækka, því líklegri eru neytendur til að vinda ofan af skuldum sínum með sparnaði, frekar en því að velja þeim aftur á skuldunautu sína.

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar



Með bílinn handa þér

ÞEIR BERA AF

NÚ ER EINFALDARA EN ÁÐUR AÐ EIGNAST RANGE ROVER!

Nokkur eintök á frábæru verði.

Með sérstöku samkomulagi við Land Rover getum við nú boðið afar hagstæð rekstrarleigukjör á nokkrum Range Rover bílum. Kynntu þér möguleikana – þú gætir komist í hóp hinna útvöldu. **Hafðu samband strax í dag.**



Range Rover

Hann er stóri bíllinn. Efstur í fæðukeðjunni. Klassískt útlit. Enginn sem átt hefur Range Rover vill sleppa af honum hendinni. Hann á orðsperið skilið. Flestir hugsa "lúxus" en eigendurnir hugsa "praktískur". Nýja Turbo Diesel V8 vélin er 272 hö. og 640 nm. í togi. Jafnframt er eyðslan ekki nema 11,3 l./100km í blönduðum akstri. Hann er hagkvæmari en þú heldur. Kynntu þér leigukjörin í samningnum við Land Rover.

Lávarður götunnar

Range Rover er fyrsti valkostur þeirra sem vilja hámarks þægindi og óskorað afl utan vega og innan. Terrain-response kerfið er alvöru torfærkerfi sem vinnur með loftþrúðafjöðruninni til að gefa fullkomna akstursánægju við allar aðstæður. Ökumaður situr hátt og vel fer um farþega í leðuklæddu og björtu innanrýminu. Enginn bíll skákar Range Rover þegar kemur að tækni, gæðum og rækt við smáatriði. Það er ástæða fyrir því að þessi sögufrægi breski jeppi heldur sínum sess, ár eftir ár. Spurðu bara eigendurna!

60
YRS



GO BEYOND

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Váleg tíðindi berast úr dönsku fjármálaráði.

Varnarleikurinn

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Þeir sem komið hafa nálægt hópsþróttum þekkja mikilvægi þess að bæði sé spiluð sókn og vörn. Leikurinn vinnst ekki á varnarleikum einum saman, en að sama skapi er hætt við að illa fari ef lítið hald er í vörninni. Nærtækt dæmi er leikur íslenska handboltaliðsins um gull á Ólympíuleikumunum, en þar hafði franska liðið betur eftir að hafa spilað afbragðsvel á báðum vígstöðvum, sókninni og vörninni.

Fjármálafyrirtæki á Norðurlöndum hafa sum hver haft áhyggjur fyrir hönd íslensku bankanna af stöðu þeirra og getu til að fjármagna sig. Áhyggjurnar hafa þá gjarnan snúið að því að of geyst hafi verið farið og ekki hugað að vörninni í allri útrásinni. Í ljós hefur hins vegar komið að í gagnrýni sinni hefðu menn gjarnan mátt líta sér nær. Þannig hefur norska verðbréfafyrirtækið Car, sem í sumar spáði Kaupþingi miklum hrakförum, nú lagt upp laupana vegna bágrar eiginfjárstöðu. Þá hefur danski Seðlabankinn nú farið fyrir öðrum fjármálafyrirtækjum í kaupum á Hróarskeldubanka, eftir að annar kaupandi fannst ekki. Bankinn var við það að hætta starfsemi í kjölfar niðursveiflu á mörkuðum og mikilla afskrifta, auk þess sem viðskiptavinir yfirgáfu hann.

Bankar hér hafa reyndar sýnt að þeir hafa alla burði til að standa af sér niðursveifluna þótt aukið umfang þeirra kalli á meira bakland í fjármálakerfinu til þess að þeir glati ekki trausti á alþjóðavísu. Frekar er að áhyggjur beinist að smærri fjármálafyrirtækjum og þá sér í lagi sparissjóðum sem lifað hafa á góðu gengi á hlutabréfamörkuðum en látið hjá líða að hafa grunnrekstur í lagi. Um leið er ljóst að færi illa á einhverjum þeim vígstöðvum myndi það hafa neikvæð áhrif á fjármálaráði hér í heild.

Dæmi Hróarskeldubanka í Danmörku sýnir hins vegar fram á mikilvægi þess að hafa lánveitanda til þrautavara, seðlabanka sem hefur burði til að verja fjármálastöðugleika landsins.

Bent hefur verið á að styrkur Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara er minni en annarra vestrænna seðlabanka. Seðlabankinn getur jú bara prentað íslenskar krónur og þær duga skammt vegna þess hve stór hluti af efnahag bankanna er í erlendri mynt. Af þessum sökum hefur verið mælt til þess, bæði af sérfræðingum hér heima og erlendis, að gjaldeyrisforði Seðlabankans verði eflður svo um muni. Vonandi þarf ekki til þess að koma að reyna þurfi á styrk Seðlabanka Íslands til að vera fjármálakerfinu hér nauðsynlegt bakland því hætt er við að það verkefni vindi upp á sig, jafnvel þótt fyrsta kastíð snúi það kannski að smærri fjármálafyrirtæki.

Heldur er dimmt yfir haustinu í efnahagslífi þjóðarinnar. Eigi þjóðin að komast stóráfallalaust í gegnum þrengingarnar sem plaga heimabyggðina alla má vörninni ekki bregðast. Seðlabanki Íslands verður að geta staðið vörnina rétt eins og sá danski. Sjái menn ekki fram á að geta komið honum í þá stöðu verður að finna aðrar leiðir. Um þessa hluti þarf að tala upphátt og bæði sýna umheiminum fram á að við ætlum að taka á brotalómum hér og hvernig við ætlum að gera það. Ef vel tekst til eygjum við möguleika á að komast út úr lausafjárkreppunni með silfur, ef ekki gull.

bjorn.ingi@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Tekjuaukning á krepputímum

ORÐ Í BELG

Hólmar Svansson
stjórnunarráðgjafi
hjá Capacent.



um vanrækt og leiðir það til þess að fyrirtækin horfa of mikið inn á við í stað þess að huga betur að viðskiptavininum og hvernig við getum aukið tekjur á krepputímum. Tekjuaukningu má skipta í tvennt; annars vegar að auka tekjumyndun frá núverandi viðskiptavinum en hins vegar að ná til nýrra viðskiptavina.

HUGAÐ AÐ VESKISHLUTDEILD

Að auka tekjur af núverandi viðskiptavinum kann að hljóma sem fátánleg hugmynd í niðursveiflu. En er það nú svo? Í miklu vaxtarskeiði eins og verið hefur undanfarin ár verða innkaup viðskiptavina oft frjálslægri. Ekki er óalgengt að fyrirtækin kaupi ákveðnar vörur eða þjónustu frá þínu fyrirtæki en einnig sambærilega vöru eða þjónustu frá öðrum aðilum. Það kann að hljóma sem órókrétt en vaxtarskeið geta haft þetta í för með sér. Persónuleg tengsl nýrra starfsmanna við þjónustuaðila sem þeir þekkja frá fyrra starfi gætu spilað inn í eða þá að þjónusta okkar var kannski ekki nægilega góð samhliða þeirri miklu útrás eða þeim umsvifamiklu verkefnum sem við vorum í á meðan þenslan var sem mest.

Mikilvægt er því fyrir stjórnendur í sölu- og markaðsmálum að huga vel að því hversu stóran hluta af heildarviðskiptum viðskiptavinirnir okkar hafa látið okkur í té. Erum við með allt sem viðskiptavinurinn er að kaupa inn af þeim vörum eða þjónustu sem við bjóðum (e. share of wallet)? Ef svo er ekki getum

við óskað eftir fundi og farið í gegnum þessi tækifæri. Hagsmunir allra viðskiptasambanda, sér í lagi á þessum tímum, er að lækka heildarkostnað við innkaup aðfanga. Hverjir eru sértekir hagsmunir þessa viðskiptavinar? Getum við lagað þjónustu okkar að þeim sértæku hagsmunum? Slík aðlögun er mun ekki aðeins styrkja tengslin í niðursveiflunni heldur sýnir reynslan að slík efling viðskiptasambands getur, ef vel er að staðið, náð inn í næstu uppsveiflu og lengur. Þarna eru tvímælalaust tækifæri sem ber að nýta.

FLEIRA FÆRT EN UPPSAGNIR

Önnur leið til söluaukningar á krepputímum er að byrja á því að greina samkeppnina. Hvernig standa keppinautarnir að vígi? Er þeir í vandræðum? Er samsetning efnahagsreiknings þeirra þannig að svona tímar gera þeim erfiðara fyrir en ykkur? Hverjir eru þeirra viðskiptavinir? Er hagstæðara fyrir okkur en samkeppnina að þjóna ákveðnum tegundum viðskiptavina? Getum við farið í „kirsuberjatínslu“ (e. cherry picking) úr þeirra viðskiptavinagrunni, það er freistað þess að ná arðbærustu viðskiptavininum yfir til okkar?

Af ofangreindu má vera ljóst að fleiri aðgerðir eru færar á krepputímum en uppsagnir á starfsfólki. Kannið því vel þau tækifæri sem leynast í markvissri tekjuaukningu á krepputímum. Það sem mun greina þá sem munu ná árangri frá hinum er best lýst með tilvitnun í sölugúrúinn Zig Ziglar sem sagði eitt sinn: „Það er ekki það sem kemur fyrir þig sem ákveður hvernig þú nærð, heldur hvernig þú bregst við því sem upp kemur.“

Byggt á ýmsum greinum og sögulegri reynslu annarra þjóða sem ekki hafa búið við jafnlangvarandi vöxt og við Íslendingar.

FLÓKIN STAÐA OG LÍTIÐ UMBURÐARLYNDI

Skýringin er sú að allmörg fyrirtæki hafa verið skuldbærlega á síðasta vaxtarskeiði til að fjármagna vöxt og útrás. Slíkt fjármagn er dýrt og gerir miskunnarlauða kröfu um stöðuga arðsemi.

Í þeim tilfellum að fyrirtækin hafa ekki verið skuldbær eru oftast en ekki nýir eigendur að baki fyrirtækjunum sem sjálfir eru skuldbærir fyrir eignarhlut sínum í félögunum. Þessi skuldbærsetning byggði á áætlunum sem nú er ljóst að munu ekki ganga eftir jafn hratt og excel-líkönin sögðu til um. Þetta leiðir til þess að margir stjórnendur upplifa flóknari stöðu og mun minna umburðarlyndi en áður.

Í grunninn er auðvelt að bregðast við kreppunni. Við þurfum annað hvort að lækka kostnað eða auka tekjur. Í algemyri er þessa dagana að minnka kostnað, til dæmis með uppsögnum. Hins vegar er tekjuhliðin stund-



Á MENNINGARNÓTT Greinarhöfundur segir að þótt ekki víðri vel í hagkerfinu gangi ekki að fyrirtæki láti það slá sig út af laginu.

MARKAÐURINN/DANIEL

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Guðný Helga Herberdsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdál RITSTJÓRN OG AUGGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

SKÓLINN BYRJAR Á NÝ

BRAGI

VATNSFRÁHRINDANDI

70% gæsadúnn og 30% fjaðrir. Þvottabjarna skinn á hettu sem hægt er að hneppa af. Tveggja sleða rennilás og stormlisti að framan. Sex vasar og renndur brjóstvasi í fódri. Stroff við úlnlið í fódri. Endurskin að framan og aftan. Þrenging um snúrugöng í faldi og í mitti.



VATNSHELT

Verð: 17.800 kr.

66°
NORÐUR

SAGAN Á BAK VIÐ ... GÍSLA KJARTANSSON SPARISJÓÐSSTJÓRA

Sparisjóðsstjóri í ólgusjó

Málefni Sparisjóðs Mýrasýslu (SPM) voru töluvert í umræðunni í liðinni viku. Fjölmennur fundur var haldinn með íbúum í Borgarnesi vegna stöðu sjóðsins. Gísli Kjartansson hefur verið sparisjóðsstjóri SPM frá árinu 1999.

„Gísli er ljúfur og góður yfirmaður. Hann er auk þess mjög góður samningamaður,“ segir samstarfsmaður um Gísla.

Hann er giftur Eddu Jónsdóttur og á með henni tvö börn. Edda starfar á lögmánsstofunni sem Gísli stofnaði og starfaði

hjá þar til hann tók við störfum hjá SPM árið 1999.

Helsta áhugamál Gísla er bókaletur auk þess sem hann reynir að spila golf af og til.

Gísli er fæddur árið 1944. Lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1971. Héraðsdómslögmaður 1980 og löggiltur fasteignasali 1984. Hann var fulltrúi sýslumanns í Borgarnesi 1971-1984. Hann rak síðan sína eigin lögmánsstofu og fasteignasölu í Borgarnesi á árunum 1984 til ársins 1999.

Hann hefur setið í aðal- og

varastjórnnum fjölmargra félaga, svo sem Kaupþings banka, VBS fjárfestingabanka, Sparisjóðs Ólafsfjarðar, Sparisjóðs Siglu-fjarðar og Sparisjóðs Skaga-fjarðar.

Gísli hefur setið í stjórn Sambands íslenskra sparisjóða frá árinu 1999 og formaður frá 2005.

Hann sat í sveitarstjórn Borgarness fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1982 til 2000 og þar af sem oddviti sveitarstjórnar 1982-1986. Auk þess var hann formaður yfirkjör-



ÁTAKAFUNDUR UM SPM Um miðjan mánuðinn sátu forsvarsmenn Borgarbyggðar, auk sparisjóðsstjóra og stjórnarformanns SPM, fyrir svörum á hitafundi í Borgarbyggð.

MYND/SKESSUHORN, MAGNÚS MAGNÚSSON



stjórnar Vesturlands 1987-2003.

Hann var kjörinn varamaður í bankaráð Icebank árið 2002 og hefur verið aðalmaður síðan 2007.

ORÐSKÝRINGIN

Alt-A lán eða „jaðarlán“

„Jaðarlán“, eða Alt-A lán eru flokkur bandarískra fasteignalána sem uppfylla ekki ströngustu kröfur fasteignalánasjóðanna Fannie Mae og Freddie Mac, (A-grade) en teljast þó ekki til undirmálslána, eru „alternative-A-grade“.

Ástæðan er yfirleitt sú að tekjur eða lántakandi fór ekki í gegnum strangt greiðslumat, eignir eða tekjur ekki staðfestar, eða lánslyfting er meira en 80 prósent af kaupverði. Þá falla fasteignalán til útlendinga yfirleitt í þennan flokk. Verst jaðarlánanna eru kölluð „ninja“ lán, sem er skamstf-

un fyrir „No Income, No Job [no] Assets“, og voru veitt lántakendum með góða greiðslusögu, en sem gátu ekki sýnt fram á tekjur, eignir eða fasta atvinnu.

Á undanförunum árum gengu greiningardeildir út frá því að jaðarlán, sem vega þungt á veðbókum margra bandarískra fjármálastofnana, væru mun öruggari en undirmálslán. Það er þó áhyggjuefni að á sama tíma og undirmálslána-kreppan virðist vera í rénum lítur út fyrir að afskriftir af jaðarlánum séu í hröðum vexti í Bandaríkjunum.



Landvinningar í Kína

Verksmiðja framleiðir harðkorna skósóla. Sú eina í Kína sem er að fullu í eigu Íslendinga.

Guðný Helga Herberdsdóttir skrifar

Óskari Jónssyni, forstjóra Green Diamond, datt í hug að framleiða harðkorna skósóla í kjölfar þess að Ólafur Jónsson í Nýið hof framleiðslu á harðkorna dekkjum. Óskar hóf þróun á verkefninu árið 2000 sem leiddi til þess að hann vann nýsköpunarverðlaunin á Íslandi og Evrópuverðlaunin árið 2003 í Belgíu. Þremur árum síðar kom Árni Þór Árnason að verkefninu sem fjárfestir og fyrir rúmu ári bættist fjárfestingarfélagið Kjalar í hópinn. „Í Kína eru árlega framleidd 10 milljarðar skópara en 70 prósent

allrar skóframleiðslu eru í Suður-Kína. Ég fór því út einn míns liðs og vann að uppsetningunni á verksmiðjunni. Í dag erum við með 2.400 fermetra verksmiðju og 35 manns í vinnu,“ segir Óskar. Verksmiðjan er í Zhongshan og framleiðir harðkorna sóla og sprautusteypta plastinnsóla sem fyrirtækið hefur einkaleyfi á í Asíu. „Fyrsti viðskiptavinur okkar var Cintamani en núna erum við í þróunarverkefnum með Adidas, Nike, Timberland og Lacross. Auk þess framleiðum við alla innsóla í dömuskó frá Ecco.“ Green Diamond hefur nýlega gert samning við Ecco um framleiðslu á 5 milljónum



ÓSKAR JÓNSSON Trúir því að Kína framleiði enn meira af skóm eftir 5 til 10 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

para á næstu þremur árum. „Við höfum fengið til liðs við okkur undirverktaka þannig að heildarframleiðslugeta okkar gæti verið 30 til 40.000 pör á dag. Í framtíðinni geri ég mér vonir um að við munum bæta við fleiri vélum þannig að framleiðslugetan okkar gæti mögulega farið upp í 100.000 pör á dag.“ Óskar er bjartsýnn á framhaldið þrátt fyrir að framleiðslukostnaður í Kína hafi aukist um 50 prósent á síðustu 3 árum í kjölfar nýrrar vinnulöggjafar, hækkandi bensínverðs og veikingar dollarans. „Ég held að Kínverjar muni framleiða enn meira eftir 5 til 10 ár. Kínverjarnir eru snjallir kaup-sýslumenn og hafa skapað sér dýrmæta þekkingu auk þess sem innanlandsmarkaður í Kína fer ört stækkandi.“



FRAMLEIÐSLA Verksmiðjan er í Zhongshan í suðurhluta Kína. Hún er 2.400 fermetrar að stærð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÁSEND MYND

BRAGI

..... Dúnúlpá

Verð:
13.500 kr.



Vind- og vatnsfráhrindandi



BRAGI

..... Dúnvesti

Verð:
9.500 kr.



Hlýtt og notalegt

Hægt að snúa við og nota í öðrum lit



VALHÖLL

◇◇◇◇◇◇ 100% Merino ull ◇◇◇◇◇◇

Verð:
Peysa 4.700 kr.
Buxur 3.900 kr.



Hlý og notaleg

Kláðafri ull



BANKAHÓLFID

Ólympíugull

Sigur íslenska handboltalandsliðsins á Spánverjum á Ólympíuleikunum í Peking setti mark sitt á íslenskt atvinnulíf á föstudag. Agnari Hanssni, bankastjóra Icebank, var um og ó eftir sigurinn og sagðist enn vera að jafna sig eftir leikinn þótt á þriðja tíma væri liðinn frá leiklokum og þar til hann kynnti árshlutauppgjör bankans síðar sama dag. Spennan kom hvað skýrast fram í framtíðaráherslum bankans í fundarlok. Þar var ekkert fjallað um horfur í rekstri bankans. Aðeins eitt orð stóð á plagginu: Ólympíugull? Allir vita hvernig leikar fóru.



Hjólreiðar í umhverfismat

Fyrirætlanir borgaryfirvalda í San Francisco um að auka reiðhjólnotkun hafa óvænt siglt í strand. Ástæðan er sú að 65 ára sérvitringur, Rob Anderson nokkur, hefur fengið staðfestingu dómstóla á því að fyrirætlanir borgarinnar þurfi að fara í „heildstætt umhverfismat“. Borgaryfirvöld höfðu einsett sér að auka reiðhjólnotkun um tíu prósent fyrir árið 2010, meðal annars með lagningu fjölda nýrra hjólastíga, en þær fyrirætlanir hafa nú verið settar í salt. Rök Andersons gegn aukinni reiðhjólnotkun eru þau að fyllist götur borgarinnar af hjólreiðamönnum muni það hægja á umferð og leiða til umferðartafa, og þar með aukinnar mengunar.




Stokkið á glóandi gull

Mánudagurinn var heldur dapur á mörkuðum víðast hvar um heiminn. Hér á klakanum var troðinn marvaðinn í örfáum viðskiptum, en á lokamínútu var deginum forðað frá því að vera sá veltuminnsti á þessu ári þegar inn dattu nokkur viðskipti með hlutabréf Landsbankans og Kaupþings upp á samtals um sextíu milljónir. Athygli vakti hins vegar snörp hækkun Teymis. Tvenn viðskipti áttu sér stað með félagið, þau fyrstu upp á tæpar 5.000 krónur, og hækkun gengi þess um tæpar sextán prósent um hádegisbil. Korter yfir þrjú hefur svo væntanlega einhver smærri fjárfestir séð tækifæri í þessari miklu hækkun og keypti fyrir tæpan 45.000 kall þannig að hækkun dagsins endaði í tæpum fjörutíu prósentum.

3,9% er ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hagvöxt í heiminum á þessu ári. Lækkunin nemur 0,2 prósentustigum.

3,1% er aukning á sölu fasteigna í Bandaríkjunum í júlí. Salan náði tíu ára lágmarki í júní. Íbúðaverð hefur lækkað um 7,1 prósent.

14,8% er spá Greiningar Glitnis um verðbólgu í ágúst, en það er 1,2 prósent hækkun frá því í júlí.



ISLENSKA SILIS MÍT 42263 0808

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS